

Alþingi
Erindi nr. P 132/505
komudagur 12.12.2005



8. desember 2005
ÓHP/sj

Samgöngunefnd Alþingis
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík

Varðar 38. mál 2005/2006 Tillaga til þingsályktunar – Göngubrú yfir Ölfusá

Vísað er til bréfs samgöngunefndar, dagsetts 16. nóvember 2005.

Umferðarráð hefur ekki komið saman til fundar frá því að bréf nefndarinnar barst. Undirritaður ákvað því að senda fulltrúum í Umferðarráði erindið til umsagnar í tölvupósti. Eftirfarandi svör bárust:

Frá fulltrúa Slysavarnafélagsins Landsbjargar, Sigrúnu Þorsteinsdóttur:

„Slysavarnafélagið Landsbjörg telur mjög jákvætt ef gerð verður göngubrú yfir Ölfusá við Selfoss, til að auka öryggi gangandi vegfarenda.”

Frá fulltrúa Ökukennarafélags Íslands, Guðbrandi Bogasyni:

„Að sjálfsögðu er ég fylgjandi göngubrú yfir Ölfusá. Núverandi brú er allt of þröng. Hægðarleikur væri að hengja sérstaka göngubrú utaná núverandi brú en það mundi bæði fara vel út frá sjónmengun og gagnast vel fyrir alla umferð, og er sennilega ekki mjög dýrt.”

Undirritaður tekur undir framangreind sjónarmið, og styður það sem fram kemur í þingsályktunartillögunni að samgönguráðherra verði falið að láta meta kosti þess að gera göngubrú yfir Ölfusá við Selfoss og meta kostnað við slíka framkvæmd. Einhver ár munu líða þar til ný brú verður gerð við Laugardæli og a.m.k. þar til sú framkvæmd kemst í gagnið er ljóst að umferð um núverandi brú við Selfoss mun vaxa með ári hverju, og þar með hætta fyrir gangandi vegfarendur. Ný göngubrú, sem skilur enn betur en nú er á milli akandi umferðar og gangandi, er ótvírætt til þess fallin að auka umferðaröryggi. Umferðarráð styður því fram komna tillögu.

f.h. Umferðarráðs,



Óli H. Þórðarson
formaður